

Aðalfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 18:00, 12.03.2010.

Mætt voru Hjálmtýr Heiðdal, Ari Alexander Ergis Magnússon, Ari Kristinsson, Kristín Pálsdóttir, Guðný Halldórsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir, Jóhann Sigmarsson, Árni Óli Ásgeirsson, Erla S. Árnadóttir, Marteinn St. Þórsson, Dagur Kári Pétursson, Björn Br. Björnsson, Ragnar Bragason, Ásdís Thoroddsen, Reynir Lyngdal, Júlíus Kemp, Viðar Víkingsson, Ágúst Guðmundsson, Silja Hauksdóttir, Örn Marinó Arnarson, Þorsteinn Jónsson, Anna Th. Rögnvaldsdóttir, Ásthildur Kjartansdóttir, Ásgrímur Sverrisson, Friðrik Þór Friðriksson, Silja Hauksdóttir, Hilmar Oddsson og Óskar Jónasson.

1. Fundarstjóri settur, Erla S. Árnadóttir.
2. Skýrsla formanns; á síðasta ári reyndi félagið að minnka fé í sjóði sínum, með tilliti til ástandsins í þjóðfélaginu. Öllum ætti að vera kunnugt um niðurskurð til kvikmyndagerðar á síðasta ári. Formaður telur að það sé æskilegra að félög séu fá sem séu í fararbroddi baráttu kvikmyndagerðamanna. IHM tekjurnar munu dragast saman í náinni framtíð og eyðast út. Unnið er í því að fá skattlaggða hörðu diskana. Málaferli verða á hendur nokkrum aðilum sem standa að niðurhali. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn fengu stuðningsyfirlýsingu frá FERA evrópsku leikstjórasmáttökunum í baráttunni gegn niðurskurðinum. Vonir standa til að niðurskurður til kvikmyndagerðar verði lítill eða enginn á þessu ári – á meðan líkur standa til að aðrar listgreinar verði skornar niður um 10 – 15%
3. Hilmar Oddsson sagði frá aðild SKL að FERA. Félagi okkar er ekki stætt á að standa fyrir utan öll systrasamtök. Tveir félagar sóttu aðalfund FERA í Búdapest síðasta sumar, Hilmar og Ásdís Thoroddsen – og Hilmar sótti fund norræna kvikmyndaleikstjóra snemma á þessu ári. Hann sagði frá leikstjóraráfélögum á Norðurlöndunum, kostum og kjörum o.s.frv. Ásdís nefndi svokallaðar net-veitur, sem geta séð um að rukka inn royalties af leigu og sölu á myndum um alla Evrópu.
4. Hilmar kynnti nýja heimasíðu félagsins og fékk góðar undirtektir.
5. Tveir nýjir félagar teknir inn með lófataki, Ingvar Þórisson og Þorsteinn Gunnar Bjarnason.
6. Gjaldkeri félagsins, Hilmar Oddsson, kynnti ársreikninga félagsins og þeir voru einróma samþykktir.
7. Lagabreytingar, sem eru fyrst og fremst hugsaðar til einföldunar. Erla fór í gegnum breytingarnar, nokkrar umræður áttu sér stað. Breytingartillögurnar fengu samþykki félagsmanna, með nokkrum breytingartillögum við breytingartillögurnar þó, t.d. að fundargerðir skulu gerðar aðgengilegar félagsmönnum með rafrænum hætti – og að félagið þurfi ekki endilega ‘löggitlan’ endurskoðanda. Og grein 13 breytist ‘aðildarfélaganna’ í ‘félagsmanna’.
8. Kosning nýrrar stjórnar og endurskoðanda. Stjórnin leggur til að Ragnar Bragason taki við sem formaður – og að Friðrik Þór verði þá óbreyttur stjórnarmeðlimur. Enginn annar bauð sig fram sem formann, þannig að Ragnar var samþykktur sem formaður með lófataki. Síðan var stjórnin borin fram í heild sinni – og sömuleiðis

samþykkt með lófataki. Örn Marinó Arnarsson var samþykktur sem annar af endurskoðendum félagsins.

9. Önnur mál:

Jóhann Sigmarsson benti á það að Austurbæjarbíó stendur autt, hann stakk upp á því að þar gæti verið listrænt bíó sem hýsti t.d. hátíðir, bókasafn, kaffihús oþh. Hann hefur verið í sambandi við einn borgarstjórnarfulltrúa um þetta mál. Ari nefndi að rætt hefði verið við Laufeyju Guðjónsdóttur um Regnbogann, sem hefur komið til greina sem slíkt apparat. En að hvorki Kvikmyndamiðstöð né Kvikmyndaráð geta komið að svona starfsemi með beinum hætti. Friðrik minntist á að ákveðin uppbygging ætti sér stað um þessar mundir á Tjarnarbíói – ætluð fyrir frjálsu leikhópana, en að húsið bjóði upp á möguleika á að sýna kvikmyndir. Hjálmtýr talaði um að ekki væri mjög góð reynsla af Austurbæjarbíói, að það væri ‘þungt’ í vöfum og að aðalsalurinn væri einfaldlega of stór fyrir starfsemi af þessu tagi. Björn Br. sagði að vísir að svona starfsemi væri í Bæjarbíói í Hafnarfirði, og að aðsóknin væri dræm – en að Gamla bíó væri að losna, þegar Óperan fer út. Ásgrímur Sverris hefur verið í umræðum við Senu um svona batterí í Regnboganum. Hann hefur rætt þetta m.a. við Kvikmyndasafnið ofl. Ágúst Guðmundsson taldi að hægt væri að sækja styrki til Norðurlandanna, t.d. ef áherslan yrði sett á norrænar myndir. Björn Br. telur að kvikmyndagerðarmenn gætu náð talsverðum árangri ef þeir beittu sér sameinaðir fyrir þessu – og væru sammála um hús o.s.frv. Hilmar telur að svona cinematek væri einstaklega verðugt verkefni sem SKL ætti að beita sér fyrir. Ari benti á að hús með marga litla sali væri nauðsynlegt fyrir svona rekstur, til að ekki myndist tómahljóð, því aðsókn á sumar myndir er ekki mikil. Ásdís lagði til að þriggja manna nefnd yrði skipuð til að vinna í málinu. Björn Br. stakk upp á því að þessu máli yrði vísað til stjórnar og það var samþykkt.

Skálað var fyrir Knúti Hallsyni og hans var minnst með mínútu þögn. Guðný og Friðrik sögðu skemmtilegar sögur af Knúti.

Dagur Kári stakk upp á því að á heimasíðu SKL væru aðgengilegar upplýsingar um ‘residensíur’ hingað og þangað um heiminn, sem standa kvikmyndagerðarmönnum til boða.

Silja lagði til að á heimasíðunni væru upplýsingar um símenntun kvikmyndagerðarmanna.

Björn Br. spurði hvort ekki væri upplagt að félagið stæði fyrir því að fá fyrirlesara og námskeið hingað til landsins.

Ásdís spurði um félagsskírteinin – til að fá leikhúsmiða. Reyndin er sú að félagar SKL þurfa ekki skírteinin, heldur þarf einungis að nefna í miðasöluinni að maður sé félagi í SKL, þannig geta félagar fengið einn frímiða á sýningardegi. Stjórnin þarf að koma uppfærðum félagsslistum til leikhúsanna – og upplýsingum um þetta til félagsmanna á heimasíðunni.

Fundi slitið.

Ritari var Óskar Jónasson.